

Gjaldskrá heimaþjónustu frá og með 1 janúar 2026.

1.gr.

Heimaþjónustan

Gjaldflokkur 0. - Kr.pr./klst.

Undanþegnir gjaldskyldu eru þeir þjónustuþegar sem hafa eingöngu lágmarksframfærslu Tryggingastofnunar ríkisins eins og hún er ákvörðuð hverju sinni.

Þeir sem telja sig vera undanþegna gjaldskyldu skv. þessari grein þurfa að skila inn upplýsingum um allar tekjur þ.m.t. fjármagnstekjur.

Gjaldflokkur 1 – kr. 1.311.pr.klst.

Eitt tímagjald er fyrir heimaþjónustu fyrir þrif skv. þjónustumati.

Gjaldflokkar miðast við greiðslur elli- og örorkulífeyrisþega. Aðrir þjónustuþegar greiða 20% hærra gjald.

Hámarksgreiðslur þjónustuþega á mánuði eru samtals kr. 25.176 kr. á mánuði.

Ekkert gjald er tekið fyrir þá þjónustu sem nauðsynleg er við athafnir daglegs lífs.

2. gr.

Gjald vegna heimsendingar matar er tvískipt. Fyrir mat eru greiddar 787 kr. og fyrir akstur með mat heim 2 kr. skiptið.

3.gr

Gjaldskrá þessi hækkar 1. Janúar ár hvert í samræmi við vísitölu neysluverðs, grunnur nóvember 2024 634,7 stig.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í lögum um félagsþjónustu sveitarfélga nr. 40/1991 og lögum um málefni aldraðra nr. 152/1999.